

Nr. 164 / 13 Dröfn RE 35***Fær kræklingalínur í skrúfunu***

Skipaskr.nr. 1574 IMO nr. 8002755
Smíðaður: Seyðisfirði 1981, stál
Stærð: 154,6 brl. 185,5 bt.
Mesta lengd: 25,92 m Skráð lengd: 24,9 m
Breidd: 6,6 m Dýpt: 3,45 m
Vél: Caterpillar 416 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 4
Rannsóknarmenn: 3



Dröfn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. nóvember 2013 var Dröfn RE 35 á siglingu í Reitsvík á Eyjafirði. Veður S 4-6 m/sek.

Dröfn var að síldarrannsóknnum á firðinum og þegar komið var að Reitsvík sigldi hún inn í útlagningasvæði með kræklingalínunum sem lentu í skrúfunni. Eftir nokkrar tilraunir til að losa línurnar úr skrúfunni náðist að slíta þær frá og var siglingu haldið áfram.

Skipið sigldi inn til Dalvíkur þar sem hugað var að skemmdum og var talið að það sem komið hafði í skrúfunu yrði ekki til vandræða. Daginn eftir var haldið úr höfn en eftir skamma siglingu fannst skipstjóra að eitthvað væri að þar sem afgashiti vélarinnar var óeðlilega hár og var þá snúið aftur til Dalvíkur þar sem kafari skar úr skrúfunni.

Við rannsókn kom fram:

- að skipinu var siglt á um 2.7 hnúta hraða inn á Reitsvík en það er heldur minni hraði en almennt er siglt á við síldarleit og rannsóknir að sögn skipstjóra;
- að þetta útlagningarsvæði hafði ekki verið merkt í sjókort eða það birt sem „Tilkynning til sjófarenda“. Dimmt var að morgni og engar ljósmerkingar á útlögnum þessum og er kveikt var á ljóskastara sáust gulir og svartir belgir við skipið;

- að fyrirtæki sem fékk rekstrarleyfi frá Fiskistofu fyrir útlögnum á nokkrum stöðum við Hrísey og nágrenni gildi í tíu ár frá 27. júlí 2010. Meðal annarra svæða var heimilað að leggja út kræklingaeldislínur í Reitsvík frá Helluhöfða að Hálshöfða. Svæðið liggur fyrir minni vikurinnar og hafði Dröfn verið siglt inn í vesturhluta reitsins. Þetta útlagnarsvæði var tilkynnt með bréfi til siglingaryfirvalda þann 27. júlí 2010 en tilkynnt svæði í Reitsvík var ekki fært í sjókort eða tilkynnt til sjófarenda. Fyrirtækið varð gjaldþrota áður en útlagðar línur voru teknar upp. Við gjaldþrotaskiptin lét skiptastjóra búsins ekki fjarlægja línurnar eða gera þær skaðlausar sjófarendum. Félagið hafði ekki keypt ábyrgðatryggingar til að tryggja upptöku við rekstrarstöðvun enda var þess ekki krafist í leyfisveitingu að tryggja skyldi hreinsun við starfslok;
- að á heimasíðu Fiskistofu er umrætt kræklingaeldissvæði birt með staðsetningapunktum;
- að línurnar sem kafarinn skar úr skrófunni fyllti eitt fiskikar að sögn skipstjóra.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að kræklingalínurnar höfðu ekki verið fjarlægðar.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirtæki sem fá leyfi til sjóeldis sé gert skylt að kaupa tryggingu sem standi straum af kostnaði við að fjarlægja eldisbúnað úr sjó komi til rekstrarstöðvunar.